

Dómstigi við mat á lifandi sauðfé

Við dóma á sauðfé skal styðjast við skala þann sem lýst verður hér á eftir ásamt því að upplýsingar um þunga grips og mælingar á bakvöðva, fituþykkt á baki, lögur vöðvans og lengd fótleggjar eru notaðar við dóma. Dómstiginn tekur tillit til eftirfarandi atriða; haus (8), háls og herðar (10), bringa og útlögur (10), bak (10), malir (10), læri (20), ull (10), fætur (8) og samræmi (10). Innan sviga eru hámarksstig viðkomandi eiginleika. Flestir eiginleikar hafa 10 sem hámarkseinkunn þó er tvöfalt vægi á lærum, fyrir haus og fætur er ekki gefið hærra en 8. Gripur getur því mest fengið 96 stig við dóm.

Stigagjöf er í heilum og hálfum stigum. Í sviga hefur verið sett til hliðsjónar hvaða gerðarflokk viðkomandi einkunn tilheyrir í kjötmati sláturlamba þegar hún er gefin fyrir ákveðinn skrokkhluta fyrir eiginleika með 10 sem hámarkseinkunn:

- 10,0 Afburðagott – efni til að verðlauna sérstaklega (E+ lamb)
- 9,5 Fádæma gott / Framúrskarandi (E lamb)
- 9,0 Frábært (U lamb, jafnvel E)
- 8,5 Mjög gott (U lamb, einnig R+ lömb)
- 8,0 Gott / vel viðunandi til ásetnings (R lamb)
- 7,5 Fremur slakt/ tæplega viðunandi til ásetnings (O lamb, einnig R- lömb)
- 7,0 Gallað – ekki vænlegt til ásetnings (O lamb)
- 6,5 Mjög slakt, áberandi gallar (P lamb)
- 6,0 Afleitt, mjög áberandi gallar (P lamb)

Við stigun hrútlamba fær meiri hluti skoðaðra lamba einkunn á bilinu 80 til 86 stig og gripir sem fá hærri einkunn eru miklir yfirburðagripir. Rétt er að hver ræktandi setji sér neðri mörk á vel nothæfum ásetningshrút en þau geta verið breytileg eftir því hversu langt hver hjörð er komin í ræktun. Miðað við það úrval sem íslensk sauðfjárrækt býr yfir í dag er ekki óeðlilegt að víða væru neðri mörkin sett við 83 stig nema einstaklingurinn hafi þeim mun betri kynbótaspá fyrir aðra eiginleika, sérstaklega mjólkurlagni og frjósemi. Á mörgum búum væru þessi neðri mörk ofar.

Gimbradómar

Yfirleitt eru það aðeins hrútlömb sem eru stiguð fyrir alla eiginleika en við gimbraskoðun er aðallega stuðst við ómmælingar, ásamt stigun fyrir frampart, læri og ull. Þó skal tekið fram að við stigun frampsarts er þarna átt við frampartinn í heild sinni (háls og herðar ásamt bringu og útlögum) og við stigun læra er tekið mið af afturpartinum í heild sinni (malaholdum ásamt lærum) svo stigunin gefi sem gleggsta heildarmynd af einstaklingnum. Ef samræmi gimbra er stigað skal einkunn metinn með sama hætti og þegar hrútar eru stigaðir og vísað nánar í dómskalann varðandi mat á þeim eiginleika. Forsenda mats á samræmi er að fyrir liggi lífþungi og mæling á lengd fótleggjar.

Hér á eftir fer lýsing á stigakvarðanum fyrir einstaka þætti sem stigað er fyrir.

Haus

Þegar gefin eru stig fyrir haus er eingöngu verið að horfa til galla sem ástæða er til að lækka einstaklinginn fyrir. Hins vegar er ekki gefin hærri einkunn en 8 og má því segja að vægi hans sé lægra í heildarstigun gripsins. Stigun verður þá eftirfarandi;

- 8,0 Ekki ástæða til að lækka gripinn í mati vegna þess eiginleika
- 7,5 Hausinn svip- og þróttlítil, gróf horn, lítilsháttar hnýflar eða fremur krapphyrndur (hornin knappt vaxin).
- 7,0 Lítils háttar bitgallar, hnýflar til vandræða, það krapphyrndur gripur að verulegar líkur eru á að horn vaxi í haus við óskertan vöxt, falleinkunn til ásetnings
- 6,5 Hnýflar vaxa í haus, útilokað til ásetnings
- 6,0 Mjög miklir bitgallar þannig að lambið er útilokað til ásetnings

Háls og herðar / Bringa og útlögur

Þessa two þætti er eðlilegt að meta í vissu samhengi og horfa þá á frambygginguna sem heild í fyrstu. Þannig má hniku stigagjöf um hálf til heilt stig fyrir hvorn þátt, svo lýsa megi á betri hátt kostum og göllum í frambyggingu. Við stigun þessara þátta þarf að taka tillit til þess hversu feitt lambið er, því feit lömb fela betur galla en mögur lömb. Af þeirri ástæðu er rétt að taka á síðunni og meta fituþykkt áður en stig fyrir frampart eru

gefin. Heildarstigagjöf fyrir þessa two þætti gerist þannig að 16 samtals sé það sem telst vel boðlegt á ásetningslambi, 15,5 gallað, en ætti ekki að fella ásetningslamb og 15 er til merkis um það augljósa galla að lambið er ekki ásetningshæft.

Háls og herðar

- 10,0 Afburðagott – efni til að verðlauna sérstaklega.
- 9,5 Fádæma góð gerð. Stuttur sver, ákaflega vel bundinn háls. Herðar feikilega breiðar, ávalar og fádæma vel holdfylltar.
- 9,0 Frábær gerð. Stuttur sver háls, vel bundinn. Herðar mjög breiðar, kúptar og ákaflega vel holdfylltar.
- 8,5 Mjög góð gerð. Vel gerður, stuttur og vel bundinn háls. Breiðar vel lagaðar og holdfylltar herðar.
- 8,0 Góð gerð. Fremur stuttur vel bundinn háls og herðar fremur breiðar og vel holdfylltar.
- 7,5 Greinilegir minniháttar gallar í gerð. Háls í lengra lagi, háar herðar, tæplega nægjanleg fylling um bóga.
- 7,0 Áberandi byggingargallar. Grannur háls og langur, háar, hvassar herðar, áberandi slöður og léleg holdfylling um herðar.
- 6,5 Stórgallaður gripur í gerð.

Bringa og útlögur

- 10,0 Afburðagott – efni til að verðlauna sérstaklega.
- 9,5 Fádæma góð gerð. Brjóstkassi sívalur, með fádæma útlögur og bringa feikilega breið og löng.
- 9,0 Frábær gerð. Sívalur brjóstkassi, mjög miklar útlögur, mjög breið og framstæð bringa.
- 8,5 Mjög góð gerð. Mjög vel hvelfdur brjóstkassi og breið bringa.
- 8,0 Góð gerð. Góðar útlögur og breið vel löguð bringa.
- 7,5 Augljósir gallar. Útlögur í slöku meðallagi, bringa full stutt eða mjókkar of mikið aftur eða vantar á breidd.
- 7,0 Verulegir gallar. Flatvaxinn, fjalarlaga gripur, mjög mjó bringa, alltof stutt bringa.
- 6,5 Stórgallaður gripur.

Bak

Þegar gefin eru stig fyrir bak er mjög stuðst við ómsjármælingu, bæði mælitölur og stigun fyrir lögun bakvöðva. Mæling með ómsjá er framkvæmd á þriðja spjaldhryggjarlið (miðja vegu milli aftasta rifs og mjaðmarhorns (malahorns)), þar er þykkt vöðva mæld sem og þykkt fitu ásamt því að lögun bakvöðvans er metin.

Á myndinni má sjá hvað er mælt með ómsjá	
Lögun ómvöðva Með lögun er átt við hve vel vöðvinn heldur lögun eða breidd (þykkt) sinni út á þverþornið. Gefin er einkunn frá 1 og upp í 5. Skalinn er eftirfarandi: <ol style="list-style-type: none">1. Illa lagaður vöðvi.2. Fremur illa lagaður vöðvi.3. Allvel lagaður vöðvi.4. Mjög vel lagaður vöðvi.5. Frábærlega vel lagaður vöðvi.	
Á myndinni hér fyrir ofan má sjá dæmi um mismunandi lögun vöðva. Vöðvinn hægra megin í hrygnum er dæmi um illa lagaðan vöðva sem stigast myndi upp á 1-2. Vöðvinn vinstra megin myndi stigast upp á 4-5 enda heldur hann lögun eða breidd sinni mun betur út á þverþornið.	

Einkunn uppá 7,5 væri slakt ásetningslamb og lakari einkunn, hrein falleinkunn. Ásamt ómsjármælingunni er rétt að taka tillit til þunga lambs áður en einkunn er gefin en rannsóknir hafa sýnt 0,2 mm aukningu í þykkt bakvöðva og 0,1 mm aukningu í fitu fyrir hvert kg lífþunga. 45 kg lamb með 29 mm bakvöðva og 55 kg lamb með 31 mm bakvöðva eru því jöfn um vöðvajykkt að teknu tilliti til þungamunarins. Í meðfylgjandi töflu er lýst þeim kröfum sem settar eru til viðmiðunar um þykkt vöðva og fitu og einkunnar fyrir lögun þegar bak er stigað.

Stig fyrir bak - ómmælingar

Rétt er að setja sem viðmið að hrútlamb 45 kg með 25-26 mm bakvöðva, 2-3 mm fitu, 3 í lögun og gott áatak á að fá einkunnina 8,0. Lömb í hæstu stigum skulu undantekningarlaust vera hóflega feit en feitum lömbum skal refsæð um hálf til heilt stig þrátt fyrir að þau mælist með þykkan bakvöðva.

Einkunn	Pykkt (mm)	Fita (mm)	Lögun	Annað
10,0	Meira en 39	2 - 4 mm	5	
9,5	36-39	2 - 4 mm	$\geq 4,5$	Frábært átak, mjög breitt bak
9,0	32-35	2 – 4 mm	≥ 4	Mjög gott átak, breitt bak
8,5	29-31		$\geq 3,5$	Gott átak, háþorn og þverþorn finnast ekki
8,0	27-28		≥ 3	Finnst fyrir háþornum og þverþornum
7,5	25-26			Háþorn og þverþorn finnast greinilega
7,0	21-24			Áberandi gallar, lélegt sláturlamb
6,5	Minna en 21			

*Ekki skal dæma blint eftir töflunni því átakið gefur síðan alltaf möguleika til að hnika þessu viðmiði bæði til hækjunar eða lækkunar.

Malir

Fyrir malir eru viðmiðin lík og fyrir bak. Ásetningshrútar þurfa helst að ná 8 eða meira, 7,5 sleppur en 7 væri falleinkunn.

- 10,0 Afburðagott – efni til að verðlauna sérstaklega
- 9,5 Fádæma góð malahold. Feikilega breiðar, langar malir með kúptum mjög þykkum vöðva.
- 9,0 Frábær malahold. Mjög breiðar, jafnar malir með góða lengd. Vöðvafylling feikilega mikil og vöðvi vel kúptur.
- 8,5 Mjög góð malahold. Ágætlega breiðar, jafnar, nokkuð langar malir með þykkan vel fylltan og kúptan vöðva.
- 8,0 Góð malahold. Breiðar, jafnar og vel holdfylltar malir. Malir mega vera hallandi eða afturdregnar ef holdfylling er góð.
- 7,5 Greinilegir gallar. Malir full grannar, full stuttar malir, afturdregnar malir, aðeins tortuberar. Holdfylling ekki meiri en í meðallagi.
- 7,0 Áberandi gallar. Mjög grannar malir, alltof stuttar malir, áberandi tortuberar. Vöðvafylling slök.
- 6,5 Stórgallaður gripur, slakt sláturlamb.

Læri

Stigun fyrir læri er einn mikilvægasti þátturinn í mati á líflömbum. Rétt er að menn setji sér ákveðin neðri viðmiðunarmörk. Í lítið ræktuðum hjörðum ætti 16 að vera lágmarkseinkunn fyrir ásetningslamb, en 15,5 jafngildir því að lambið sé ekki hæft í ásetning vegna læraholda. Þar sem hjarðir eru langræktaðar liggja þessi mörk talsvert hærra og rétt að slík mörk séu sett innan hverrar hjarðar fyrir sig. Undantekning væru yfirburðagripir í kynbótamati fyrir mæðraeiginleika. Þar sem tvöfalt vægi er á lærum í einkunn eru kjötmatsbókstafir settir til hliðsjónar við hverja einkunn.

- 20,0 Afburðagott – efni til að verðlauna sérstaklega.
- 19,5 Einstök læraholt. Ótrúlega mikil vöðvafylling í lærum, bólgnir vöðvar sem bunga alls staðar bæði utan- og innanlæris. E+ lamb í kjötmati.
- 19,0 Fádæma góð læraholt. Gríðarlega þykkur, kúptur vöðvi sem klæðir alveg niður á hækil og einstök fylling í krika. Öruggt E lamb í kjötmati.
- 18,5 Feikilega mikil læraholt. Gífurlega mikill þykkur og kúptur vöðvi með frábæra fyllingu í krika. Nánast víst að ætti að flokkast sem E lamb í kjötmati.
- 18,0 Mjög mikil læraholt. Mjög þykkur kúptur vöðvi sem fyllir vel í krika.
Áreiðanlega U lamb í kjötmati, jafnvel E lamb.
- 17,5 Umtalsverð læraholt. Mjög mikill og þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krika. Öruggt U lamb í kjötmati.
- 17,0 Veruleg læraholt. Mikill og þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krika. Góðar líkur á að flokkast sem U lamb í kjötmati, ekki neðar en R+ lamb.
- 16,5 Góð læraholt. Góð fylling bæði niður á hækil og í krika og vel þykkur lærvöðvi með ávöldum línum. Öruggt R lamb í kjötmati.
- 16,0 Sæmileg læraholt. Vöðvinn fyllir bæði niður á hækil og upp í krikann og er jafnframt nokkuð þykkur og ávalur. Nánast víst að ætti að flokkast sem R lamb í kjötmati.
- 15,5 Gallar í læraholdum. Vantar vöðva niður á hækil, fyllingu í krika ábótavant, vöðvi of þunnur. Miklar líkur á að um O lamb í kjötmati sé að ræða, alls ekki ofar en R-lamb.
- 15,0 Verulega gölluð læraholt. Öruggt O lamb í kjötmati.
- 14,5 Afleit læraholt. Öruggt O lamb í kjötmati og talsverðar líkur á P lambi.
- 14,0 Aldrei farið neðar en þetta. Öruggt P lamb í kjötmati.

Ull

Fyrir þennan eiginleika skal miða við að helst eigi ásetningshrútar að ná 8. Lömb með 7,5 teljast samt ásetningshæf, 7 verður hins vegar falleinkunn fyrir þennan eiginleika. Mat á ullarmagni þarf að taka mið af þunga lambanna, mjög væn lömb eru yfirleitt ullarmikil og með grófara tog en þau sem léttari eru. Mat á grófleika á einungis við togið og mestu skiptir að stigagjöf sé lakkud fyrir gróft tog.

- 10,0 Einstakir ullareiginleikar og feykilegt ullarmagn, eingöngu notað þegar eitthvað alveg einstakt kemur í hendur dómara. Tog fíngert og mjúkt og þel þétt og mikið. Um væri að ræða einstaklega mikla, hrokkna, en um leið silkimjúka ull með mikinn gljáa.
- 9,5 Frábær ullargæði. Mjög mikið ullarmagn, en um leið að öllu leyti gallalaus ull að gæðum. Mjög fín ull með mjúkt tog og liðað og þétt þel. Glansandi gæðaull.
- 9,0 Mjög góð ull að magni og gæðum. Mikið ullarmagn en um leið mikil ullargæði, kind með mjúka, fína og glansandi ull. Gular illhærur finnast ekki í hvítri ull.
- 8,5 Góð ull. Ullarmagn nokkuð mikið og jafnt um allan bolinn. Toghárin fremur fín og samstæð að gerð og þelið þétt og þykkt. Sáralítið um gular illhærur í hvítri ull og þá eingöngu í litlu mæli við hnakka, fætur eða dindirlót. Mjög gróf toghár finnast ekki nema þá í lærum, óháð lit kindar.
- 8,0 Fremur góð ull. Ullarmagn hið minnsta í meðallagi og nokkuð jafnt um allan bolinn. Gular illhærur mega finnast í hvítri ull en eru ekki það áberandi að þær spilli flokkun. Mjög lítið um gróft tog nema þá helst aftast á mölum og í lærum, óháð lit kindar.
- 7,5 Greinilegir ullargallar. Ullarmagn í tæpu meðallagi og ullarmagn dálítið ójafnt um bolinn. Gular illhærur nokkuð áberandi í hvítri ull. Toggróf ull víðar en í lærum og á mölum. Mjög gróf og ósamstæð toghár/illhærur finnast í ullinni, óháð lit kindar.
- 7,0 Verulega gölluð ull. Lítill ullarmagn og ójafnt ullarfari á bolnum. Gular illhærur áberandi um allan bolinn á hvítum kindum. Ullin áberandi toggróf og/eða þellítill. Mjög gróf og ósamstæð toghár/illhærur eru víða innan um og saman við í ullinni, óháð lit kindar.
- 6,5 (eða lægra). Óviðunandi ullarfari. Kindin mjög ullarlítill og ullarmagn mjög ójafnt um bolinn. Ullin mjög illhæruskotin á hvítum kindum. Mjög gróf og ósamstæð toghár/illhærur mjög áberandi í ullinni, óháð lit kindar.

Fætur

Hér er beitt sömu aðferð og við stigun fyrir haus. Ekki er stigað herra en 8 fyrir þennan eiginleika en 8 stig fá hins vegar öll lömb sem eru í lagi, 7,5 er gallað og 7,0 er orðin hrein falleinkunn.

- 8,0 Fótstaða í lagi þannig að ekki er ástæða til að lækka heildareinkunn vegna þessa eiginleika.
- 7,5 Greinilegur galli. Náin fótstaða, áberandi grannir og veiklulegir fætur, linar kjúkur, vottar fyrir snúning í fótstöðu.
- 7,0 Verulega gallað, ekki hæft til ásetnings. Greinilega snúin fótstaða. Mjög slakar kjúkur. Fótstaða sem greinilega háir hreyfingum lambsins.
- 6,5 (eða lægra). Ákaflega alvarlegir gallar eða hrein vansköpun.

Samræmi

Þessi eiginleiki er samsafn nokkurra atriða sem rétt er að horfa til við mat væntanlegra ásetningslamba en koma ekki beint fram í mati á öðrum eiginleikum. Þarna ber að nota 8 fyrir það sem við erum vel sátt við. Hærri einkunnir eru notaðar fyrir áberandi kosti, bollöng, kviðlétt lömb með gott samræmi í byggingu. Einnig rétt að geta hnikað heildareinkunn til um hálft stig upp eða niður með þessari einkunn, hafi lambið verið of stíft dæmt eða vægt metið í heild.

Varðandi bollengd er rétt að taka fram að ekki skal að verðlauna stór lömb sem jafnframt eru háfætt fyrir bollengd. Hins vegar ber að verðlauna lömb sem eru bollöng og væn miðað við lengd leggjar. Þannig getur verð ástæða til að verðlauna lamb fyrir samræmi sem vegur 45 kg og mælist um 110 mm á legg ef það samsvarar sér vel, en refsa jafn þungu lambi sem mælist 120 mm á legg fyrir að vera of háfætt. Í ræktunarmarkmiðum sauðfjárræktarinnar segir: „*Stefnt skal að því að rækta þéttholda og bollangt fé, þ.e. langt m.v. legglengd, með þykka vöðva samfara hóflegri fitu og léttum beinum.*“

Einkunn 7,5 er sett á galla, sem eru samt ekki meiri en svo að við getum fellt okkur við lambið sem ásetningslamb. Einkunn 7 eða lægra væri hins vegar túlkað þannig að lambið sé ekki tækt sem ásetningslamb, vegna augljósra galla, sem ekki koma fram í stigun á öðrum eiginleikum. Í töflunni er yfirlit yfir flokkun galla og hvaða einkunn á að gefa hverjum og einum. Einkunn fyrir ofan 9 er ekki skilgreind nákvæmlega en er

matsatriði hverju sinni út frá þeim kostum sem dómarí telur að lambið eigi fyllilega skilið að verðlauna það sem einstakan yfirburðargrip.

- 9,0 Lambið einstaklega bollangt en þéttvaxið og samræmið glæsilegt.
- 8,5 Lambið áberandi bollangt og samsvarar sér mjög vel.
- 8,0 Lambið samsvarar sér vel, eðlileg legglend m.v. þunga.
- 7,5 Hægt er að benda á galla í samræmi s.s. að lambið er kviðmikið, fremur bolstutt, hryggur siginn eða fremur háfætt m.v. þunga. Einnig ef eistu eru frekar smá.
- 7,0 Lambið verulega gallað. Til dæmis of kviðmikið, of bolstutt, of siginn hryggur eða lambið of háfætt til þess mæla með því til ásetnings.
- 6,5 Greinilegir eistnagallar, misstór eistu, of smá eistu, annað eistað kemur ekki niður.
- 6,0 Eineistungur

Almennt líflambamatið

Ætíð verður að hafa hugfast að stigun sem þessi á búfé er huglægt mat sem erfitt er að staðla fullkomlega. Í eðli sínu er ætíð talsverður munur á mati, eins og hér er lýst, og hins vegar mælingum með stöðluðum mælitækjum. Það sem mestu skiptir er röðun lamba innan hverrar hjarðar. Síðan skal hafa hugfast að hver einkunn á sér tilvísun í holdfyllingarflokk EUROP matsins.

Einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um sem flest lömb sæðingahrúta, ekki sleppa því að skoða gallagripina því þannig tapast mikilvægar upplýsingar um þá hrúta sem eru drifkrafturinn í ræktunarstarfinu á landsvísu.

Dómstiginn var síðast endurskoðaður og samþykktur af fagráði í sauðfjárrækt 3. ágúst 2023.